

REGLUGERÐ

um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022.

1. gr.

Framlög vegna samþættingar þjónustu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ráðstafar framlagi til einstakra sveitarfélaga, til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árunum 2022-2024, sbr. XXV. ákvæði til bráðabirgða í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Framlög til einstakra sveitarfélaga skulu ekki vera hærri en umframkostnaður sveitarfélagsins af framkvæmd laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að frádregnum ávinningi sem sveitarfélagið fær af þeim.

2. gr.

Úthlutunarregla framlagsins 2022.

Við úthlutun framlagsins til sveitarfélaga árið 2022, skal hlutfallskipta fjármagni til ráðstöfunar á grundvelli eftirfarandi breytna fyrir hvert sveitarfélag sem allar hafa jafnt vægi, og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna 1. janúar 2021.
2. Meðaltal barna með stuðning í grunnskólum skólaárin 2018/2019 og 2019/2020 og fjöldi barna með stuðning í leikskólum árin 2019 og 2020.
3. Fjöldi barna á heimilum með undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna árið 2020.
4. Fjöldi innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð 1. janúar 2021.

Hlutfallstala hvers sveitarfélags, sem fundin er út á grundvelli framangreindra forsendna, er birt í viðauka I við reglugerð þessa.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli XXV. ákvæðis til bráðabirgða og 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, tekur gildi 1. janúar 2022.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 14. desember 2021.

Sigurður Ingi Jóhannsson

innviðaráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I

Sveitarfélag	Hlutfallstala skv. 2. gr. reglugerðarinnar
Reykjavíkurborg	36,26%
Kópavogsbær	10,05%
Seltjarnarnesbær	1,12%
Garðabær	3,69%
Hafnarfjarðarkaupstaður	8,76%
Mosfellsbær	2,97%
Kjósarhreppur	0,03%
Reykjanesbær	7,16%
Grindavíkurbær	1,40%
Sveitarfélagið Vogar	0,55%
Suðurnesjabær	1,44%
Akraneskaupstaður	1,91%
Skorradalshreppur	0,02%
Hvalfjarðarsveit	0,15%
Borgarbyggð	1,09%
Grundarfjarðarbær	0,23%
Helgafellssveit	0,01%
Stykkishólmsbær	0,38%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,05%
Snæfellsbær	0,49%
Dalabyggð	0,21%
Bolungarvíkurkaupstaður	0,31%
Ísafjarðarbær	1,17%
Reykhólahreppur	0,07%
Tálknafjarðarhreppur	0,08%
Vesturbyggð	0,33%
Súðavíkurhreppur	0,10%
Árneshreppur	0,00%
Kaldrananeshreppur	0,02%
Strandabyggð	0,08%
Sveitarfélagið Skagafjörður	0,96%
Húnaþing vestra	0,38%
Blönduósibær	0,37%
Sveitarfélagið Skagaströnd	0,16%
Skagabyggð	0,03%
Húnavatnshreppur	0,11%
Akrahreppur	0,06%

Akureyrarbær	4,07%
Norðurþing	0,62%
Fjallabyggð	0,34%
Dalvíkurbyggð	0,46%
Eyjafjarðarsveit	0,23%
Hörgársveit	0,17%
Svalbarðsstrandarhreppur	0,11%
Grýtubakkahreppur	0,07%
Skútustaðahreppur	0,09%
Tjörneshreppur	0,00%
Þingeyjarsveit	0,19%
Svalbarðshreppur	0,02%
Langanesbyggð	0,17%
Fjarðabyggð	1,42%
Múlaþing	1,25%
Vopnafjarðarhreppur	0,20%
Fljótsdalshreppur	0,00%
Vestmannaeyjabær	0,94%
Sveitarfélagið Árborg	2,92%
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,54%
Mýrdalshreppur	0,18%
Skaftárhreppur	0,17%
Ásahreppur	0,08%
Rangárþing eystra	0,63%
Rangárþing ytra	0,54%
Hrunamannahreppur	0,26%
Hveragerðisbær	0,64%
Sveitarfélagið Ölfus	0,68%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0,17%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,15%
Bláskógabyggð	0,26%
Flóahreppur	0,25%

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.